

Nd.

613. Frumvarp til laga

[194. mál]

um breytingu á lögum nr. 47 30. maí 1979, um aðstoð við þroskahefta.

(Eftir 2. umr. í Nd., 21. maí.)

1. gr.

Aftan við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Einnig skal veita úr sjóðnum styrki til framkvæmda við heimili sjálfseignarstofnana og annarra aðila, svo og vistheimili.

2. gr.

Við a-lið 25. gr. laganna bætist:

Til viðbótar framlagi skv. 1. málslíð skal ríkissjóður leggja sjóðnum til a. m. k. 225 millj. króna, í fyrsta sinn á árinu 1981. Skal sú fjárhæð hækka í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar miðað við árið 1980 að grunni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.